




ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

ÞÓRISVATN — BYGGINGAREFNISLEIT 1983

Ingibjörg Kaldal

OS-84002/VOD-02 B

Janúar 1984



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

ÞÓRISVATN — BYGGINGAREFNISLEIT 1983

Ingibjörg Kaldal

OS-84002/VOD-02 B

Janúar 1984

Dags. 23. feb. 1984 Tilv. vor

Dags.

Tilv. yðar

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
105 Reykjavík

Þessi skýrsla er unnin eftir verksamningi milli Landsvirkjunar og Orkustofnunar dagsettum 31. maí 1983.

Leitað var að byggingarefni sem unnt væri að nota við fyrirhugaðar framkvæmdir við Vatnsfell og umhverfis Þórisvatn.

Efnismagn í stíflur við Þórisvatn hefur ekki verið áætlað. Líkur benda þó til að nægjanlegt byggingarefni sé í grennd við fyrirhugaðar stíflur við Þórisós og Köldukvísl. Annars staðar við vatnið er minna af nothæfu efni. Sérstaklega er skortur á góðum jökulruðningi í kjarna.

Vænlegasta kjarnaefnið í fyrirhugaða Vatnsfellsstíflu er í um 18 km fjarlægð. Nóg er af síuefni nálægt væntanlegri stíflu.

Gerð er lausleg grein fyrir helstu kostum sem í boði eru þegar vinna á grjótvarnarefni.


Haukur Tómasson


Davíð Egilsson


Ingibjörg Kaldal

EFNISYFIRLIT

Bls.

1	INNGANGUR	3
2	JARÐGRUNNUR	3
3	BYGGINGAREFNISLEIT VEGNA ÞÓRISVATNSMIÐLUNAR	8
	3.1 Þórisóss- og Köldukvíslarstíflur	8
	3.2 Rjúpnadalur	11
	3.3 Snoðnafit	14
	3.4 Flekavík	15
	3.5 Niðurstöður	16
4	BYGGINGAREFNISLEIT VEGNA VATNSFELLSVIRKJUNAR	17
	4.1 Kjarnaefni	18
	4.2 Síu- og steypuefni	20
	4.3 Niðurstöður	22
	HEIMILDIR	23
	Tafla I: Gröfuholur 1983	24
	Tafla II: Ýtugryfjur á vegum Virkis 1983	26
	Tafla III: Cobraborun við Köldukvísl og Þórisós	27
	VIÐAUKI A: Gryfjulýsingar 1983	
	VIÐAUKI B: Bréf frá Virki hf	
	VIÐAUKI C: Grjótvarnarefni	
	MYNDASKRÁ	
Mynd 1	Jarðgrunnskort, syðri hluti	4
Mynd 2	Jarðgrunnskort, nyrðri hluti	5
Mynd 3	Þórisvatn - Búðarháls	7
Mynd 4	Þórisós - kjarnaefni	8
Mynd 5	Kaldakvísl neðan stíflu	10
Mynd 6	Ármót Köldukvíslar og Þórisóss	10
Mynd 7	"Pálmhóll" - kjarnaefni	12
Mynd 8	Launöldur - kjarnaefni	13
Mynd 9	"Mógil" - kjarnaefni	14
Mynd 10	Vatnsfellsveita	21
Mynd 11	Kaldakvísl við Trippavað	22
Mynd 12	Yfirlitskort	28

1 INNGANGUR


Sumarið 1983 var unnið að byggingarefnisleit umhverfis Þórisvatn, á vegum Orkustofnunar. Verkið var unnið fyrir Landsvirkjun vegna stækkunar Þórisvatnsmiðlunar og Vatnsfellsvirkjunar. Samráð var haft við ráðgjafa- verkfræðinga hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f (stækkun Þórisvatns) og hjá Virki h/f (Vatnsfell). Verkið var unnið þannig, að fyrst var gert jarðgrunnskort af svæðinu og síðan farið með gröfu á þá staði, sem vænlegastir þóttu til efnisnáms. Tekin voru 28 sýni úr þessum gryfjum (sjá töflu I), sem send voru til margvíslegra greininga á Rannsóknastofnun byggingar- iðnaðarins. Þeim rannsóknum er að mestu leyti lokið, og hafa niðurstöður þegar borist ráðgjöfum í hendur, í Áfangaskýrslu I frá Rb með viðbótum dagsettum 25.10. og 14.12. Þar sem efnisleit fyrir þessi tvö verk skarast mikið, er til hægðarauka fjallað um hana hér í einu lagi.

Síðar í sumar voru stórar jarðýtur við vinnu vegna rannsókna fyrir Vatnsfellsvirkjun. Voru þá teknar nokkrar gryfjur með henni í Launöldum og nálægt Vatnsfelli. Vinnsla fór fram undir umsjón og eftirliti verkfræðinga Virkis og jarðfræðinga Vatnsorkudeildar Orkustofnunar. Til hægðarauka eru þær upplýsingar sem fyrir liggja um þessar gryfjur teknar með hér, þótt höfundur hafi ekki annast vinnslu á vettvangi (sjá viðauka B og töflu II).

Í haust var farin dagsferð til að athuga nýtilegt efni í grjótvarnir, og eru niðurstöður þeirrar ferðar í Viðauka C.

2 JARÐGRUNNUR

Myndir 1 og 2 sýna jarðgrunnskort af svæðinu vestanvert við Þórisvatn. Land er þar alls staðar jökuluríð, þótt ekki hafi jökullinn skilið eftir sig mikið af seti. Einkum er það suðurhluti svæðisins sem er snauður af seti. Við sunnanvert vatnið einkennist landslag af lágum móbergshæðum með sandfylltum lögðum á milli. Sandur þessi er að langmestu leyti gjóskuríkur foksandur að uppruna. Lítið sem ekkert er af jökulruðningi á þessum slóðum, og þar sem hann finnst, er hann þunnur og ósamfelldur, sandríkur og víðast blandaður veðruðu efni úr berggrunni.



Mynd 1: Jarðgrunnur við vestanvert Pórisvatn - syðri hluti kortis.


Það er ekki fyrr en kemur norður í Launöldur á móts við mitt Þórisvatn að hægt er að tala um eiginlegan jökulruðning. Lágur ávalar öldur eru þar einkennandi fyrir landslagið. Lægðir eru flestar fylltar nánast hreinni gjósku, sem nánar verður rætt um hér á eftir. Umhverfis Rjúpnadal verður ruðningurinn aftur þunnur, slitróttur og grófur. Þar er einnig mjög mikið af grettistöfum.

Norðan við Rjúpnadal rísa Ósöldur, að mestu úr móbergstúffi. Suðaustanvert í þeim er andesít, svokallað Harðhausaandesít (Haukur Tómasson o.fl. 1970), sem er yngra en móbergið í öldunum. Þessar bergmyndanir eru að mestu óhuldar. Milli Ósöldu og Köldukvíslar er kragi af jökulruðningi, með þykkum gjóskusköflum á milli. Austan Nyrðri Ósöldu er einnig nokkuð þykkur jökulruðningsfláki, en austan Þórisvatns hylur hraun frá nútíma flestar jökulmyndanir. Hraun þetta mun að öllum líkindum upprunið í Heljargjá og er lítið eitt eldra en H3, eða um 3 þús. ára gamalt (munnl.uppl. frá Elsu G. Vilmundardóttur). Þegar kemur norður fyrir Köldukvísl fer jökulruðningurinn að verða samfelldari og virðist allþykkur á köflum. Sauðafell stendur þó bert uppúr.

Meðfram Köldukvísl eru víða allmiklar áreyrar, en á milli eyrasvæðanna rennur áin í þröngum farvegum eða gljúfrum.

Eins og áður var á minnst, eru flestar lægðir fylltar gjóskuríkum sandi. Á öllu umræddu svæði, frá Sauðafelli suður í Snoðnufit, er þessi gjóska mjög keimlík og að öllum líkindum af sama uppruna. Kornastærðin er sandur og fín mól. Þetta er nær eingöngu svartur vikur og aska, mjög glerrík, og einnig er nokkuð mikið af plagíóklas- og ólivín-kristöllum. Norðan í Sauðafelli myndar þessi gjóska hjalla í um 620 m y.s. Gjóskuna er einnig að finna töluvert langt norður fyrir Sauðafell. Vestan og sunnan við Sauðafell eru nokkrir hryggлага gjóskuskaflar sem bera keim af því að vera myndaðir í nánum tengslum við jökul líkt og malarásar. Á öllu þessu svæði suður í Launöldur er gjóskan í bland við jökulruðninginn ýmist í sköflum ofan á honum, linsum inni í honum, eða blönduð í ruðninginn. Hjallar meðfram Köldukvísl eru nær eingöngu úr þessari gjósku. Í sunnanverðum Búðarhálsi (mynd 3) myndar sams konar gjóska jaðarhjalla í 500 - 600 m hæð (nokkrir jaðarhjallar í mismunandi hæð, myndaðir milli jökuls og hlíðar). Efnagreiningar geta væntanlega skorið úr um það hvort þessi gjóska er alls staðar af sama uppruna.

Hjallarnir eru t.d. mjög áberandi á Hálsamótum og tengjast jökulgarði, sem rekja má suður eftir Búðarhálsi, og endar skammt fyrir ofan Hald. Allt þetta bendir eindregið til þess, að gjóskan hafi myndast í gosi á síðjökultíma þegar



Mynd 3: Samband gjósku vestan við Þórisvatn og jökuljaðars í Búðarhálsi.


jökullinn lá enn yfir þessu svæði. Í skýrslu Orkustofnunar um Þórisvatn frá 1970 (Haukur Tómasson o.fl. 1970) er getið um mikið jökulhlaup, sem orðið hefur við gos í Brandi, sem er gígur við suðausturjaðar Þórisvatns. Höfundar telja að gosið hafi orðið mjög seint á síðjökultíma, þegar jökuljaðarinn lá nálægt ármótum Köldukvíslar og Þórisóss og þaðan suður á Ósöldur og Launöldur. Þar sem útbreiðsla gjóskunnar reynist svo miklu meiri en áður var talið er auðsætt að gosið hefur orðið mun fyrr, eða þegar jökullinn lá upp að suðurhluta Búðarháls og þaðan í sveig eitthvað norðureftir. Kortlagning komandi ára mun vonandi leiða í ljós hvort svo sé. Af rannsóknum sumarsins hefur það þó orðið ljóst, að umtöluð gjóska gerir það að verkum að jökulruðningur á þessu svæði er víðast hvar illnýtánlegur til mannvirkjagerðar.

3 BYGGINGAREFNISLEIT VEGNA ÞÓRISVATNSMIÐLUNAR

Við áætlaða vatnsborðshækkun í Þórisvatni upp í 581 m y.s. þarf að stækka stíflurnar í Köldukvísl og Þórisósi. Einnig er hugsanlegt að reisa þurfi nokkrar minni háttar stíflur vestan og sunnan Þórisvatns. Þær stærstu eru í Rjúpnadal og við Snoðnufit, en hugsanlega verður að gera nokkrar litlar stíflur eða garða í skörðum nálægt Flekavík við vatnið sunnanvert, og yfir sandlægð um 2 km sunnan við Rjúpnadal (mynd 12). Hér á eftir verður fjallað um hvert svæði fyrir sig. Þegar þetta er skrifað liggja engar upplýsingar fyrir um hversu mikið þarf af byggingarefni fyrir stíflurnar.

3.1 Þórisóss- og Köldukvíslarstíflur

Þegar þessar stíflur voru reistar um 1970, var kjarnaefni tekið norðaustan í Ósöldum, rétt við vesturenda Þórisósstíflunnar. Þar er fínefnisríkur jökulruðningur, sem gafst vel í kjarna stíflanna. Á þessu svæði virðist ruðningurinn einhverra hluta vegna vera laus við




Mynd 4: Gryfjur og líkleg kjarnaefnisnáma við vesturenda Þórisósstíflunnar. Sýnatökustaðir eru merktir með \triangle .


margumtalaða gjósku, sem annars er víðast blönduð í ruðninginn (sbr. bls. 6). Nokkar gryfjur voru gerðar á gamla námusvæðinu og umhverfis það, til að reyna að fá einhverja hugmynd um hversu mikið er eftir af nothæfu efni þarna. Mynd 4 sýnir gryfjurnar á námusvæðinu. Tekin voru þrjú sýni af jökulruðningi, ÞS-3, ÞS-4 og ÞS-5 úr gryfjum nr. 59, 60 og 61, öll utan gömlu námunnar (sjá gryfjulýsingar á bls. 1 og 2 í viðauka A). Skyggða svæðið á myndinni, sem er um 150 þús. m², sýnir það svæði, þar sem efniseiginleikar virðast vera svipaðir í handsýnum. Utan þess er ruðningurinn grófari og/eða blandaður gjósku. Vegna þess að enn var frost í jörðu komst grafan yfirleitt ekki nema niður á um 1,5 m dýpi. Efst er víðast um meters þykkt lag af veðruðum jökulruðningi, oft blandað foksandi, en þar fyrir neðan er þéttur fínefnisríkur ruðningur. Sýnin voru send á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þær niðurstöður greininga sem nú liggja fyrir hafa þegar verið sendar ráðgjöfum (sjá Áfangaskýrslu Rb), svo þeirra verður ekki getið nánar hér, utan þess að fínefni (<0,074mm) er 24-37%. Erfitt er að gera sér grein fyrir magni nýtanlegs ruðnings þar sem grafan komst ekki dýpra. Reynslan hefur sýnt, að venjuleg traktorsgrafa ræður yfirleitt ekki við að grafa nema 1-1,5 m niður í jökulruðning á móbergssvæðum, því hann verður fljótlega of harður er neðar dregur. Ástæðan fyrir því er að öllum líkindum sú, að palagonítiseringin (ummyndun glers) sem á sér stað í móberginu, heldur áfram í móbergsmulningnum í jökulruðningnum. Því er líklega nauðsynlegt að gera könnunargryfjur með jarðýtu, nema fyrir liggja nægar upplýsingar frá 1970 um vinnslu efnisins. Ef aðeins er gert ráð fyrir um 1 m þykkt af vinnanlegu kjarnaefni má reikna með um 150 þús. m³ á þessum stað.

Nokkrar holur voru grafnar sunnan í Sauðafelli (mynd 12 og gryfjulýsingar á bls. 1 í viðauka A). Ruðningurinn þar er sendinn og víða allgrýttur. Einnig er hann á köflum blandaður gjósku. Eitt sýni ÞS-2 var tekið úr holu 56 (sjá Áfangaskýrslu Rb).

Áreyrar Köldukvíslar voru athugaðar á tveim stöðum með tilliti til síu- og steypuefnis. Annars vegar eyrarnar neðan Köldukvíslarstíflu (myndir 12 og 5) og hins vegar eyrarnar milli Köldukvíslar og Þórisóss (myndir 12 og 6). Á báðum þessum stöðum var tekið efni 1970. Tekið var eitt sýni úr hvorri eyri, ÞS-1 úr efri eyrinni (gryfja nr. 51, lýsing bls. 1 í viðauka A) og ÞS-7 úr þeirri neðri (gryfja



Mynd 5: Cobrahólur og gryfja (merkt með ○) á eyrum Köldukvíslar neðan stíflu.








Mynd 6: Cobrahólur og gryfjur (merktar með ○) við ármót Þórisóss og Köldukvíslar.



ÞÓRISVATN BYGGINGAREFNISLEIT 1983
Yfirlitskort

Rammar sýna staðsetningu mynda 4-10

-  Stífla
-  Skurður
-  Gryfja
-  Sýni af sandi 09/eða mál
-  Sýni af jökulruðningi

0 1 2 km

MYND 12

84.02.0158


nr.64, lýsing bls 2 í viðauka A). Einnig voru boraðar nokkrar Cobrahólur í eyrarnar, til að kanna dýpi (sjá myndir 5 og 6 og töflu III). Meðaldýpi í efri eyrinni er um 10 m og flatarmál hennar tæplega 600.000 m². Ekki er vitað hvort efnið er eins alla leið niður á 10 m dýpi, og einnig má gera ráð fyrir að erfitt verði að vinna nema u.þ.b. 1 m ofan af vegna vatns frá ánni, en reikna má þó með um 600.000 m³ af möl og sandi. Eyrar Köldukvíslar við ármót Þórisóss eru grynri, eða um 4,5 m að meðaltali, en eyrin er 800-900 þús. m². Þar má því gera ráð fyrir um 800-900 þús. m³ af möl og sandi. Niðurstöður rannsókna á sýnunum er að finna í Áfangaskýrslu 1 frá Rb.

Eitt sýni var tekið úr gjóskuhjallanum sunnan við Þórisós (ÞS-6 í gryfju nr.63 mynd 6 sjá einnig mynd 2), þar sem mjög mikið er af þessu efni í nágrenninu, ef vera kynni að nota mætti það í síu.

Grjótvarnarefni var athugað í sérstökum leiðangri í haust (sjá viðauka C).

3.2 Rjúpnadalur


Umhverfis stíflustæðið í Rjúpnadal og í sañdlægðinni 2 km sunnar er lítið af góðu byggingarefni. Norðan dalsins rísa Ósöldur svo til berar, en sunnan dalsins er þunn og ósamfelld þekja af grófum jökulruðningi með miklum grettistöfum (mynd 1). Það er ekki fyrr en fer að nálgast Launöldur að ruðningurinn fer að verða samfelldur og fínefnisríkari. Þar er þó sá ljóður á að víða er hann blandaður gjósku, a.m.k. í yfirborðinu. Einnig er hann nokkuð malar- og steinaríkur. Sýni ÞS-15 var tekið um 2 km sunnan stíflustæðisins í gryfju nr. 78 (mynd 12, gryfjulýsing bls. 4 í viðauka A). Fínefnishlutfall þess er um 31%, en öðrum prófunum er ekki lokið (sjá Áfangaskýrslu Rb). Ef þetta efni reynist nothæft í kjarna, væri hugsanlega hægt að ná saman nægilegu magni á staðnum, því varla verða stíflur hér efnismiklar. Einnig mætti hugsa sér að sækja kjarnaefni norður fyrir Syðri Ósöldu. Þar er jökulruðningshóll ("Pálmhóll"), sem m.a. var athugaður 1972 fyrir Sigöldustífluna (mynd 7). Áætlað magn af kjarnaefni er þar um 200.000 m³ (samkv. bréfi Virkis til Landsvirkjunar dags. 2. okt. 1972). Í sumar voru tekin þar 3 sýni, ÞS-8, ÞS-9 og ÞS-10 úr gryfjum nr. 68, 69 og 70, (Áfangaskýrsla Rb og gryfjulýsingar bls. 3 í viðauka A).



Mynd 7: Gryfjur í "Pálmhóll" norðan við Syðri Ósöldu. Gamlar ýtugryfjur eru merktar með \odot , en gryfjur frá í sumar með \bullet . Sýnatökustaðir eru merktir með \triangle .

Fínefnishlutfall er 15-30%. Fjarlægð hólsins eftir loftlínu er um 3,5 km, en krækja þarf fyrir Ósöldur, svo raunhæf vegalengd er 6-7 km.

Síuefni er ekkert í nágrenninu, svo það þarf að sækja í eyrar Köldukvíslar. Þar eru tvö svæði sem til greina koma. Næst stíflustæðinu (í um 3 km fjarlægð) er neðsta eyri Köldukvíslar ofan fossa, þar sem sýni ÞS-12 var tekið úr gryfju nr 72. Eyrin er um 370.000 m² og má þar gera ráð fyrir um 500.000 m³ af sandi og möl. Um 2 km ofar með ánni er önnur eyri, sýni ÞS-11 úr gryfju nr. 71 (mynd 12, gryfjulýsingar bls. 3 í viðauka A). Þessi eyri er um 230.000 m² og má fá þar um 450.000 m³ af möl og sandi. Sandlægðin um 2 km sunnan við Rjúpnadal, þar sem hugsanlega þarf að gera stíflu, er fyllt gjóskuríkum sandi með fínmöl. Sýni ÞS-16 er tekið þar og sýni ÞS-6 úr sams konar gjósku við Köldukvísl (myndir 12 og 6 og Áfangaskýrsla Rb). Í sandlægðinni var Cobraborað sumarið 1982 (Ingibjörg Kaldal 1982) og kom þá í ljós að lægðin er mjög



Mynd 8: Gryfjur á Launöldum. Sýna-
tökustaðir merktir með △.


84.02.0154

djúp, eða allt að 10 m. Þar sem svo mikið er af þessu efni nálægt stíflustæðunum er sjálfsagt að athuga þann möguleika hvort ekki mætti nota það í síu. Þá þyrfti að þjöppunar- og lektarprófa sýni af efninu og síðan gera aðra kornastærðargreiningu, því að gjóskan kemur til með að brotna eitthvað niður við vinnslu.

Um grjótvarnarefni er fjallað í viðauka C.

3.3 Snoðnafit

Fljótsagt er frá því, að í nágrenni Snoðnufitjar er ekkert nothæft byggingarefni. Berggrunnur er víða ber, eða hulinn



Mynd 9: Ýtugryfjur við "Mógil".

punnri sliki af jökulruðningi og veðruðum berggrunni. Á vegum Virkis h/f voru í sumar teknar nokkrar ýtugryfjur vegna Vatnsfellsvirkjunar við svokallað "Mógil" (myndir 12 og 9, og tafla II) um 2 km suðvestan Snoðnufitjarstíflunnar (sjá gryfjulýsingar í viðauka B). Í gryfju MG-2 er jökulruðningur, sem hugsanlega er nothæfur í stíflukjarna (og e.t.v. í gryfjum MG-6 og MG-7). Sýni SS-3, SS-4, SS-5 og SS-6 voru tekin úr þessum gryfjum og send Rb. Niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Ekki er gott að áætla efnismagn, en það er áreiðanlega lítið með tilliti til annarra gryfja í grenndinni.

Næsti möguleiki væri þá Launöldur í um 6 km fjarlægð (mynd 12), en það er heldur ekki góður kostur. Jökulruðningurinn er þar mjög sundurleitur eins og fram kemur í kafla 4.1 (bls. 18), þar sem um þetta svæði er fjallað nánar. Þar sem ekki þarf mikið kjarnaefni í þessar stíflur (magnútreikningar liggja ekki fyrir) mætti athuga nánar hvort hugsanlega mætti finna vinnanlega bletti á Launöldum.

Þriðji möguleikinn er að sækja kjarnaefni norður í "Pálmhól" norðan við Syðri Ósöldu, en sá möguleiki er nokkuð fjarlægur, eða um 14 km frá Snoðnufit. Ruðningnum þar var lýst hér að framan (bls. 11).

Síuefni verður að sækja annað hvort norður að Köldukvísl (þS-12 í gryfju 72 og þS-11 í 71), eða suður í Vatnsfellsveitu þar sem einnig er mikið af mól og sandi (sjá kafla 4.2 bls.20). Vegalengdin norður að Köldukvíslareyrum er 12-14 km, en suður í Vatnsfellsveitu um 6-7 km.

3.4 Flekavík

Hugsanlega þarf að reisa einhverjar litlar stíflur eða garða í skörðum við Flekavík (mynd 12). Allt svæðið austan Vatnsfells er gjörsamlega snautt af lausu seti ef frá er talinn foksandur í lægðum og gjóska. Það þarf því að leita vestur fyrir Þórisvatn ef af stíflugerð verður. Þess má þó geta, að um 1-2 km austan við Vatnsfell er opna í bólstraberg í litlu gili (rétt utan við neðri brún jarðgrunnskortsins á mynd 1). Þar hefur verið rutt upp með ýtu og virðist efnið auðunnið, og mætti hugsanlega nota það.

3.5 Niðurstöður

Eftirf. tafla sýnir fjarlægð námusvæða frá stíflustæðunum.

stíflu- stæði	Þórisós	Kaldakv.	Rjúpnad.	Snoðnafit
námur				
Ósalda við stífluenda KJARNAEFNI >150 þ. m ³	0 km	3,5 km		
Kaldakvísl neðan stíflu SÍU-STEYPUEFNI >600 þ. m ³	3,5 km	0,5 km		
Kaldakvísl v. ármót Þórisóss SÍU-STEYPUEFNI >800-900 þ. m ³	2 km	5 km		
Launöldur KJARNAEFNI ? Magn ?			1-2 km	6 km
"Pálmhóll" KJARNAEFNI ~200 þ. m ³			6-7 km	14 km
Kaldakvísl efri eyri v. Rjúpnad. SÍU-STEYPUEFNI ~450 þ. m ³			5 km	14 km
Kaldakvísl neðri eyri v. Rjúpnad. SÍU-STEYPUEFNI ~500 þ. m ³			3 km	12 km
Lægð 2 km s. Rjúpnadals SÍUEFNI ? Magn ?			0-2 km	
"Mógil" KJARNAEFNI ? Magn : lítið				2 km
Vatnsfells- veita SÍU-STEYPUEFNI 300-350 þ. m ³				6-7 km

Á öllu svæðinu frá Sauðafelli suður að Snoðnufit er jökulruðningur mjög víða blandaður gjósku sem gerir hann

illnothæfan í stíflukjarna. Þó eru svæði þar sem ruðningurinn er hreinn, eins og t.d. við vesturenda Þórisósstíflunnar, þar sem efni var tekið 1970. Erfitt er að áætla magn nothæfs efnis, en þó má gera ráð fyrir a.m.k. 150 þús. m³. Kanna þyrfti nánar þykkt nothæfs ruðnings með stórrri ýtu. Síuefni í Þórisós- og Köldukvíslarstíflurnar er nægt í eyrum Köldukvíslar neðan stíflu og við ármót Þórisóss, en á þessum stöðum má reikna með a.m.k. 1.450. þús m³ af mól og sandi samanlagt. Steypuefni mætti taka á sama stað.

Fyrir stíflurnar í Rjúpnadal og í sandlægðinni um 2 km sunnar, er erfiðara að finna gott kjarnaefni. Beinast liggur við að taka kjarnaefni í jökulruðningshól ("Pálmhól") milli syðri Ósöldu og Köldukvíslar, þar sem gert er ráð fyrir um 200.000 m³. Þar sem þessi stífla verður fremur lítil, mætti hugsanlega taka kjarnaefni nyrst í Launöldum, en þar er ruðningurinn víða blandaður gjósku og gæði hans mjög misjöfn, svo það verður þá að kanna nánar með stórrri ýtu. Síuefni verður að sækja í eyrar Köldukvíslar á móts við Rjúpnadal, eða alla leið inn að Þórisósi. Hugsanlegt væri einnig að nota gjóskusandinn sem er í miklu magni í lægðum á svæðinu.

Enn frekar vandast málið er kemur að Snoðnufit, því þar suðurfrá er lítið sem ekkert af nothæfu byggingarefni. Jökulruðningur er þar þunnur og blandaður veðruðu móbergi, svo leita verður norður með Þórisvatni á einhvern fyrrnefndra staða eftir kjarnaefni. Síuefni verður annað hvort að sækja norður að Köldukvísl eða suður í Vatnsfellsveitu.

Hvað varðar stíflustæðin við Flekavík er ljóst, að flytja þarf byggingarefni langar leiðir, því þar í kring er ekkert laust set að fá nema foksand og gjósku.

4 BYGGINGAREFNISLEIT VEGNA VATNSFELLSVIRKJUNAR

Áætluð efnispörf fyrir Vatnsfellsstífluna er eftirfarandi: kjarnaefni 80 þús. m³, síuefni 70 þús. m³, stoðfylling 300 þús. m³, grjótvörn 25 þús. m³ og steypuefni 30 þús. m³. Höfundur þessarar skýrslu sá um jarðgrunnskortlagningu og efnisleit með gröfu. Einkum var athyglinni beint að kjarna-, síu- og steypuefni. Seinni hluta sumars var jarðýta við vinnu á staðnum og var því tækifærið notað til

með þeim höfðu verkfræðingar Virkis h/f ásamt staðarjarðfræðingi Orkustofnunar. Lýsingar á þeim gryfjum eru teknar með hér til hægðarauka. Athugun var gerð á grjótvarnarefni í sérstakri ferð í haust og eru niðurstöður birtar í viðauka C.

4.1 Kjarnaefni

Segja má að skil séu í jarðgrunni um Vatnsfellsveitu (mynd 1). Austan og sunnan hennar er berggrunnur að langmestu leyti ber, með sand- og gjóskufylltum lægðum á milli. Eftir því sem austar dregur kaffærast allt í gjósku, og eru víðáttumiklir vikrar þar einkennandi fyrir jarðgrunninn. Vestan og norðan veitunnar fer jökulruðnings að gæta, þó ekki sé hann samfelldur né þykkur nema á mjög takmörkuðum svæðum.

Einkum voru það tvö svæði sem könnuð voru með tilliti til kjarnaefnis. Syðra svæðið er á Launöldum, í 8-10 km fjarlægð frá stíflustæðinu. Þar eru lágar öldur, alþaktar ruðningi með grettistöfum. Í lægðum er gjóskuríkur sandur. Við fyrstu sýn virðist þessi ruðningur vera nokkuð vænlegur; fínefnisríkur, þéttur og gráleitur. Við nánari athugun með gröfu, kom í ljós, að víða er svört gjóska blönduð í ruðninginn, eða í hreinum linsum í honum (sjá nánar um gjóskuna á bls. 6 og gryfjulýsingar 73-88 á bls. 3-5 í viðauka A). Þó virtist mega finna kolla úr hreinum ruðningi, eins og t.d. þar sem gryfjur nr. 76 og 85 voru teknar (myndir 12 og 8). Þrjú sýni voru tekin á þessum slóðum og send til rannsókna á Rb, ÞS-13 úr gryfju 76, ÞS-14 úr gryfju 77b og ÞS-17 úr gryfju 85. Fínefnishlutfall þessara sýna var 24-35% (sjá Áfangaskýrslu Rb). Gryfja 76 var grafin rétt við tilraunaborholu, sem Borrosborinn Léttfeti boraði til þess að kanna sýnatöku úr jökulruðningi (vegna verks sem hann átti að vinna vestan Þjórsár, vegna virkjunar við Krók). Borinn komst þar niður á um 6 m dýpi í jökulruðningi. Á grundvelli þessara athugana var farið með jarðýtu á staðinn og gerðar þar 4 gryfjur (sjá gryfjulýsingar nr. VG-16 - VG-19 á bls. 9-10 í viðauka A). Þá kom í ljós, að þessi fínefnisríki jökulruðningur er einungis í þunnum lögum, með malarríku ruðningi og jafnvel hreinni bólstramöl á milli. Úr þessum gryfjum voru tekin sýni VJ-1 - VJ-5 (tafla II).

Nyrðra svæðið er svokallaður "Pálmhóll" norðan við Syðri Ósöldu. Hann er í um 16-18 km fjarlægð frá Vatnsfellsstíflunni. Þessi hóll er þakinn jökulruðningi, sem er laus við gjóskuna margumtöluðu, sem annars er ríkulega blandað í jökulruðninginn í kring. Þrjú sýni voru tekin með gröfu, ÞS-8, 9 og 10 úr gryfjum 68, 69 og 70 (gryfjulýsingar á bls. 2-3 í viðauka A og myndir 12 og 7). Einnig voru gerðar tvær gryfjur með stórrri ýtu, VG-20 og VG-21. Úr þeirri síðari var tekið sýni SS-1. Fínefnishlutfall ÞS-8, 9 og 10 er 15-30%, mest í ÞS-9 sem er í hákollinum (sjá Áfangaskýrslu Rb). Hóllinn var rækilega kannaður fyrir byggingu Sigöldustíflunnar og magn nothæfs kjarnaefnis þá áætlað um 200.000 m³ (sbr. bréf Virkis til Landsvirkjunar dags. 2.okt. 1972).

Starfsmenn Virkis h/f könnuðu sl. haust svæði sunnan við gil sem þeir kalla "Mógil" (myndir 12 og 9). Þar voru gerðar 7 gryfjur (MG-1 - MG-7) með jarðýtu og tekin 5 sýni, SS-2 - SS-6. Víðast er þar ruðningur þunnur og blandaður veðruðu móbergi. Vænlegastur virðist hann vera í gryfju MG-2 og e.t.v. MG-6 og MG-7 (Sýni SS-3, 4, 5 og 6, sjá gryfjulýsingar í viðauka B). Erfitt er að gera sér grein fyrir efnismagni, en það er áreiðanlega lítið, sbr. aðrar gryfjur á staðnum.

Annað svæði sem sömu aðilar könnuðu ásamt starfsmönnum Orkustofnunar er umhverfis Launvatn. Þar voru grafnar 10 gryfjur með jarðýtu (mynd 8). Í þeim flestum var þunnt lag af veðruðum jökulruðningi ofaná jökulbergi. Hvergi var nothæft efni og engin sýni tekin.

Gryfja SG-1 var tekin í sömu ferð, vestan við Snoðnufit (mynd 12). Þar var afar grjótríkur ruðningur, líklega bólstra- eða kubbabergsbrot úr undirlagi. Ekkert sýni tekið.


Síðasta svæðið sem kannað var (á vegum Virkis) með tilliti til kjarnaefnis var lítill jökulruðningshóll við Haft IV í Vatnsfellsveitu (mynd 10). Þar voru tekin 3 sýni. Eitt þeirra sem tekið var úr gryfju VG-12 var sent til greiningar á rannsóknastofu Landsvirkjunar við Kvíslaveitu. Niðurstöður þeirra rannsókna eru birtar í viðauka B. Fínefnishlutfall er um 18 % og ruðningurinn að öðru leyti sandríkur. Tvö önnur sýni ÞS-31 og 32 voru send á R.B. (sjá Áfangaskýrslu Rb).



4.2 Síu- og steypuefni

Tvö svæði nálægt virkjuninni voru könnuð vegna síu- og steypuefnis; Dæld C ofan Hafta III og Dæld D milli Hafta III og IV. Fyrir daga Vatnsfellsveitu voru báðar þessar dældir fullar af sandi, sem að uppruna er að mestu leyti foksandur og gjóska. Þegar vatn tók að renna um veituna, grófst farvegur í sandinn. Í efri lögðinni náði hann niður í undirliggjandi set eða berggrunn. Í neðri lögðinni, sem er miklu víðari og dýpri, flæmdist vatnið um og gróf sig ekki eins mikið niður vegna bergþröskulds í Hafti IV. Eftir að greftri var að mestu lokið tók möl og sandur að setjast til í farveginum og er það setið sem hugsanlega er nýtanlegt.

Í farveginum ofan við Haft III (Dæld C) voru grafnar þrjár holur með gröfu, 152, 153 og 154. Efst í þeim öllum er lagskipt steinarík möl (sjá gryfjulýsingar á bls. 6 í viðauka A og mynd 10). Mest er um bólstrabrot, en einnig nokkuð af túffi og breksíu einkum ofar í farveginum. Stærstu steinar eru um 0,5 m í þvermál í holu 153 en um 0,3 m í holu 154. Þetta lag virðist vera þykkast nálægt miðri lögðinni eða um 3,5 m í holu 152. Sýni ÞS-20, ÞS-23 og ÞS-24 eru úr þessu lagi. Undir þessu nýja seti er í öllum holunum um og innan við 1 m þykkt lag af lagskiptum sand og siltlögum (sýni ÞS-21), en síðan kemur sandurinn sem áður fyllti lögðina í tveim neðri holunum (sýni ÞS-22), en jökulberg í þeirri efstu.


Í Dæld D voru grafnar 11 holur með gröfu, 156-166 (sjá mynd 10 og gryfjulýsingar á bls. 6-7 í viðauka A). Flestar eru þær á áhrifasvæði Vatnsfellsveitu en tvær utan. Unga setið er víðast úr lagskiptri möl með sandlinsum og einhverju af steinum. Yfirleitt eru þeir ekki stærri en u.þ.b. 10 cm í þvermál nema uppi undir Hafti III þar sem setið er allt mun grófara. Þykkt þessa lags er 0,5 - >2,5m, þykkast við hægri bakkann. Sýni ÞS-25 - ÞS-28 eru tekin úr þessu lagi (sjá Áfangaskýrslu Rb). Undir mölinni er síðan gjóskuríkur foksandur. Síðar um sumarið voru teknar 11 gryfjur með stórru ýtu VG-1 - VG-11 (sjá gryfjulýsingar á bls. 7-9 í viðauka A). Sýni ÞS-29 og ÞS-30 voru tekin úr gryfjum VG-5 og VG-4 (sjá Áfangaskýrslu Rb). Af öllum þessum holum og gryfjum má ráða að þykkt malarlagsins sé að meðaltali 1,4 m á um 250.000 m² svæði og magn malar því um 300-350.000 m³. Mölin er steinaríkari næst Hafti III en verður finni er neðar dregur. Virkismenn tóku eitt sýni



Mynd 10: Gryfjur í Vatnsfellsveitu. Sýnatökustaðir eru merktir með  (mól og sandur) og  (jökulruðningur).

af foksandi (SS-7) með skóflu úr holu merktri VG-13 (mynd 10).

Fjarri Vatnsfellsstíflunni eru það einkum eyrar Köldukvíslar á móts við Ósöldur, sem til greina koma, en þær eru í 13-16 km fjarlægð. Þaðan eru sýni ÞS-11 og ÞS-12 úr holum 71 og 72 (mynd 12, sjá einnig gryfjulýsingar á bls. 3 í Viðauka A og Áfangaskýrslu Rb). Mölin er þarna mun finni og sandríkari en í Dæld D.



Mynd 11: Sýni tekin úr eyrum Köldukvíslar við Trippavað.

Þeir Virkismenn tóku tvö sýni með skóflu úr Köldukvíslareyrum fyrir neðan Þórissá-Tungur. Holurnar eru merktar VG-14 og 15 og sýnin VJ-6 og 7 (myndir 11 og 12).

4.3 Niðurstöður

Það verður að segjast eins og er, að ekki er útlit fyrir að nægilegt magn nothæfs kjarnaefnis finnist í nágrenni stíflustæðisins. Vænlegasta kjarnaefnið er í svonefndum Pálmhól í um 16-18 km fjarlægð, en þar er gert ráð fyrir um 200.000 m³ af jökulruðningi. Ruðningurinn er þar laus við gjósku, sem annars er víðast hvar blönduð í hann, t.d. á

Launöldum, þar sem mikið er af jökulruðningi. Ruðningurinn þar virðist vera ónothæfur, sökum þess hve hann er sundurleitur (heterogen). Hugsanlegur möguleiki væri að sækja kjarnaefni niður að Hrauneyjafossvirkjun, ef þar reynist nógu mikið eftir.

Nóg er af síuefni í veitufarveginum fyrir ofan og neðan Haft III. Í Dæld D fyrir neðan Haft III eru um 300-350.000 m³ af sandi og möl, en ofan Haft III er steinarík möl. Líklega er þessi möl of rík af móbergi til þess að hægt sé að nota hana sem fylliefni í steinsteypu (berggreiningar eru væntanlegar frá Rb innan skamms).

HEIMILDIR

Haukur Tómasson, Elsa G. Vilmundardóttir og Birgir Jónsson
1970: Þórisvatn. Geological Report. Orkustofnun
ROD.

Ingibjörg Kaldal 1982: Stækkun Þórisvatnsmiðlunar.
Cobrorun 1982. Orkustofnun, OS-82104/VOD47 B.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1983: Byggingarefni
við Þórisvatn. Áfangaskýrsla l. Okt. 1983. Viðbætur
dags. 25.okt.1983 og 14.des. 1983.

TAFLA I
Gröfuholur 1983

nafn	sýni	hnit	staður
51	þS-1	ekki mælt	Kaldakvísl, neðan stíflu
52		ekki mælt	sunnan Sauðafells
53		ekki mælt	sunnan Sauðafells
55		ekki mælt	sunnan Sauðafells
56	þS-2	ekki mælt	sunnan Sauðafells
57		ekki mælt	við Þórisósstíflu
58		ekki mælt	við Þórisósstíflu
59	þS-3	ekki mælt	við Þórisósstíflu
60	þS-4	ekki mælt	við Þórisósstíflu
61	þS-5	ekki mælt	við Þórisósstíflu
62		ekki mælt	við Þórisósstíflu
63	þS-6	ekki mælt	Þórisós
64	þS-7	ekki mælt	Kaldakvísl-Þórisós
65		ekki mælt	Þórisós
66		ekki mælt	Þórisós
67		ekki mælt	"Pálmhóll"
68	þS-8	ekki mælt	"Pálmhóll"
69	þS-9	ekki mælt	"Pálmhóll"
70	þS-10	ekki mælt	"Pálmhóll"
71	þS-11	ekki mælt	Kaldakvísl
72	þS-12	ekki mælt	Kaldakvísl
73		ekki mælt	Launöldur
74		ekki mælt	Launöldur
75		ekki mælt	Launöldur
76	þS-13	ekki mælt	Launöldur
77a		ekki mælt	Launöldur
77b	þS-14	ekki mælt	Launöldur
78	þS-15	ekki mælt	sunnan Rjúpnadals
79	þS-16	ekki mælt	sunnan Rjúpnadals
80		ekki mælt	Launöldur
81		ekki mælt	Launöldur
82		ekki mælt	Launöldur
83		ekki mælt	Launöldur
84		ekki mælt	Launöldur
85	þS-17	ekki mælt	Launöldur
86		ekki mælt	Launöldur
87		ekki mælt	Launöldur
88	þS-18	ekki mælt	Launöldur
